

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1851/2006

2009/EES/37/08

frá 14. desember 2006

um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 að því er varðar notkun hefðbundins fôðurs á tímabilum þegar farið er milli bithaga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, einkum öðrum undirlíð 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglur um lífræna framleiðslu á búfé, sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 þar sem fram koma reglur varðandi fôðrun, verða að gilda allt æviskeið dýranna
- 2) Ein af meginreglunum í lífrænum búskap er að mikil áhersla er lögð á beit.
- 3) Í sumum aðildarríkjunum eru notaðir bithagar á lífrænt ræktuðu landi ásamt hefðbundnu beitarkerfi með farbeitarbúskap. Þegar dýr, sem fylgja farbeitarbúskap, fara sjálf milli bithaga koma þau til með að fara gegnum venjulega haga og bita þar, bæði á leiðinni inn á og út af svæðum þar sem farbeitarhagarnir eru og milli mismunandi farbeitarhaga.
- 4) Þörf er á að tryggja að farbeitarbúskapur geti haldið áfram að því er varðar lífrænt alið búfé þrátt fyrir að dýrin éti tiltekið magn af venjulegu gróffôðri.

5) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liður 4.10 bætist við í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

„4.10. Þrátt fyrir lið 4.13 mega farbeitardýr bita í venjulegum högum á tímabilum þegar þau eru færð frá einu beitalandi yfir á annað. Inntaka hefðbundins fôðurs í formi grass og annars gróðurs, sem dýrin bita á þessu tímabili, skal ekki fara yfir 10% af heildarhlutfalli fôðurs á ári. Þessa tölu skal reikna sem hundraðshluta af þurrefni fôðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariann FISCHER BOEL

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 355, 15.12.2006, bls. 88. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2007 frá 6. júlí 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 60, 13.12.2007, bls. 12.

(¹) Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 780/2006 (Stjtið. ESB L 137, 25.5.2006, bls. 9).